



**Kallað er eftir erindum á Byggðaráðstefnuna 2020 sem haldin verður á Hótel Kötlum á Höfðabrekku í Mýrdal dagana 13.-14. október.**

**Umfjöllunarefni ráðstefnunnar er: Menntun án staðsetningar? Framtíð menntunar í byggðum landsins**

Tilgangur ráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðaþróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land. Ráðstefnan er vettvangur fólks úr háskólum, stjórnvöldum, sveitastjórnnum, skólakerfinu og annarra sem áhuga hafa á byggðaþróun og menntamálum. Leitast verður við að ná fram ólíkum sjónarmiðum þeirra sem vinna að rannsóknum og stefnumótun á vettvangi byggðamála með áherslu á menntamál.

Kallað er eftir erindum frá fræða- og háskólasamfélaginu, stefnumótendum og þeim sem vinna á vettvangi þar sem fjallað er um stöðu og þróun byggðar. Erindin geta í víðum skilningi fjallað um fyrirkomulag, breytingar og skipan skólahlads frá leikskóla til fullorðinsfræðslu og háskóla með áherslu á eftirfarandi:

- Breytingar á skólahladi í kjölfar Covid-faraldurs, með aukinni fjarkennslu og fjarvinnu
- Sameining sveitarfélaga – tækifæri í skólastarfi?
- Verður staðbundinn skóli áfram „hjarta samfélagsins“? – hverjir eru hagsmunir nemenda?
- Geta ríki og sveitarfélög sameinast um rekstur skóla eða skólastigs?
- Er þörf á að hugsa gildandi skólaskipan upp á nýtt, jafnvel með nýju skólastigi?
- Eiga sveitarfélög að reka framhaldsskólastigið?
- Sameinaður leik-, grunn- og tónlistarskóli og framhaldsskóli
- Hefur núverandi skólakerfi hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi og ef ekki, hvað er til ráða?
- Hvernig er tekið á menntun fólks af erlendum uppruna?
- Menntun og starfsþróun kennara og nýliðun á öllum skólastigum
- Hefur hugtakið „skóli“ fengið nýja merkingu á nýrri öld?
- Starfsmannaveltu í litlum skólum í fámennari byggðarlögum og áhrif á gæði kennslu

Lögð er áhersla á að fyrirlesarar hafi rúman efnisramma og geti fjallað bæði um einstaka þætti eða fleiri eftir eðli máls. Ætlast er til að efnið tengist meginþræðinum þ.e. byggðaþróun og menntamálum.

Tillaga að fyrirlestri með stuttri innihaldslýsingu, 200-300 orða útdrætti, sendist til Byggðastofnunar á netfangið [sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is) eigi síðar en mánudaginn 8. júní 2020. Ráðstefnuhaldarar áskilja sér rétt til að velja og hafna tillögum að erindum.

Að ráðstefnunni standa: Byggðastofnun, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskólafélag Suðurlands og Mýrdalshreppur.



BYGGÐASTOFNUN



HÁSKÓLAFÉLAG  
SUÐURLANDS



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



Mýrdalshreppur



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA